

Sebastiano Brusco

píanóleikari



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 23. apríl 2024 kl. 20:00

Sebastiano Brusco er fæddur í Róm og heillaðist ungur að tónlist. Hann nam hjá Valentino Di Bella – sem segja má að hafi uppgötvað hæfileika hans – við Francesco Morlacchi Tónlistarháskólann Perugia í Umbria og útskrifaðist þaðan með ágætiseinkunn. Hann sótti námskeið hjá ýmsum þekktum ítölskum píanóleikurum og þriggja ára nám hans hjá Ennio Pastorino við Tónlistarakademíuna í Umbria á Ítalíu mótaði mjög tónstíl hans. Þaðan útskrifaðist hann með besta vitnisburð. Sebastiano hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir píanóleik sinn, þar á meðal fyrstu verðlaun bæði í Carlo Soliva International Competition og Gubbio Festival International Competition.

Sebastiano hefur haldið tónleika í Kanada, Bandaríkjunum, Mexíkó, Spáni, Frakklandi, Þýskalandi, Rúmeníu, Póllandi, Tyrklandi og arabísku furstadæmunum og á árunum 2019 – 2023 fór hann þrisvar í tónleikaferðir til Kína og lék þá í Shanghai, Hong Kong, Guangzhou, Huangshan, Hangzhou, Nanjing og Peking. Hér nær okkur hefur hann leikið á Grieg hátíðinni í Noregi og nokkrum sinnum hér á landi, meðal annars á Sumartónleikum LSÓ og Myrkum Músíkdögum. Hann hefur starfað með þekktum hljóðfæraleikurum á borð við Vadim Brodsky fiðluleikara, leikið með hljómsveitum og kammer-sveitum eins og Bernini kvartettinum, I Solisti Veneti í Fenyjum og Sinfóníuhljómsveitinni í Mílanó, með stjórnendum eins og Riccardo Chailly, Romano Gandolfi og Claudio Scimone. Útgáfunar Phoenix Classics, Da Vinci Records, AULICUS hafa gefið út hljómdiska með flutningi hans.

Sebastiano er í góðu samstarfi við íslenska tónlistarmenn. Heimsókn hans til Íslands nú er til að hlýða á og halda masterklassanámskeið fyrir langt komna píanónemendur.

Efnisskrá

Wolfgang Amadeus Mozart 1756–1791	<i>Píanósónata 12 í F dúr K 332</i> <i>Allegro</i> <i>Adagio</i> <i>Allegro Assai</i>
Franz Schubert 1797–1828	<i>Drei Klavierstücke</i> <i>Allegro assai</i> <i>Allegretto</i> <i>Allegro</i>
Frédéric Chopin 1810–1849	<i>Étude ópus 25 nr. 1 – Vindharpan</i> <i>Næturljóð ópus 27 nr. 2</i> <i>Ballada ópus 52 nr. 4</i>

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
Reykjavíkurborg styrkir Vetrardagskrá LSÓ